

## Ferðapjónusta fatlaðra og aldraðra; mikilvægar upplýsingar til farþega

Þjónustusvæðið er höfuðborgarsvæðið.

Akstursþjónustan er í boði á sama tíma og þjónusta strætisvagna:

Virka daga frá kl. 6:30 til kl. 24:00.

Laugardaga frá kl. 8:00 til kl. 24:00.

Sunnudaga frá kl. 11:00 til kl. 24:00.

Akstur á stórhátíðardögum er auglýstur sérstaklega.

Ein ferð telst frá A til B.

Pöntunarsími Ferðapjónustunnar er 515-2720 og er hann opinn frá kl **08:00** til **16:00** alla virka daga og **10:00 til 14:00** um helgar og á stórhátíðardögum. Þá verður einnig hægt að panta ferðir með tölvupósti á netfangið **ferd@teitur.is** á sama tíma og pöntunarsími er opinn. Eftir lokun pöntunarsíma geta farþegar pantað stakar ferðir símleiðis á meðan á akstri stendur í sama númer og færist símtalið yfir í GSM síma vakthafandi bílstjóra. Pantanir ferða sem fara á fyrir kl. 18:00, hvort sem er á virkum degi, um helgar eða á stórhátíðardögum þurfa að hafa borist til Teits daginn áður, fyrir lokun pöntunarsíma. Pantanir vegna kvöldferða þurfa að berast fyrir kl. 16:00 á virkum dögum og fyrir kl. 14:00 um helgar. Stakar ferðir (samdægurs) er hægt að panta með 2ja klukkustunda fyrirvara á meðan á akstri stendur. Afpantanir reglubundinna ferða þurfa að berast verktaka með sem mestum fyrirvara, aldrei þó minna en 2ja klukkustunda fyrirvara. Farþegar geta afpantað ferðir í gegn um síma eða með tölvupósti á meðan pöntunarsími er opinn.

Akstur miðast við að og frá anddyri. Ef á þarf að halda þarf farþegi sjálfur að tryggja aðstoð að öðru leyti. Bílstjóri aðstoðar farþega utan andyris. Farþegi þarf að vera tilbúinn á umsömdum tíma. Biðtími farþega skal að jafnaði ekki fara yfir 10 mínútur frá uppgefnum tíma. Ef farþegi er ekki tilbúinn á umsömdum tíma er bílstjóra heimilt að yfirgefa staðinn og ferðin telst með í uppgjöri. Gera má ráð fyrir að ferðir geti fallið niður eða tafist vegna ófyrirséðra orsaka t.d óveðurs, bilana, þungrar umferðar og annarra þátta.

Geti farþegi ekki ferðast einn vegna einhverra orsaka þarf hann að hafa fylgdarmann með sér og greiðir fylgdarmaður sama gjald og gildir í almenningsvögnum.

Farþegi þarf að gefa sér eðlilegan tíma til að komast milli staða með tilliti til umferðar og vegalengdar. Lögð er áhersla á að hafa viðveru í bílunum sem stysta og má gera ráð fyrir að ferðatími sé svipaður og hjá almenningsvögnum.

Ferðapjónusta fatlaðra er sérhæfð þjónusta fyrir þá sem ekki geta nýtt sér almenningsvagna vegna fötlunar. Bílakostur Ferðapjónustunnar uppfyllir kröfur samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum og fylgir eftirlit með gæðum og búnaði ritinu „Handbók um gæða- og tæknikröfur sbr. 12. gr. laga nr. 73/2001“ sem gefin er út af Vegagerðinni.

Ferlivöktunarbúnaður er í öllum bifreiðum ferðapjónustunnar.

### *Kostnaður notenda vegna ferðapjónustu:*

Almennt gjald fyrir hverja ferð er helmingur af fargjaldi strætó (nú kr. 235-) eru:

- Fastar ferðir pantaðar með dags fyrirvara
- Kvöldferðir pantaðar fyrir kl. 16 á virkum dögum eða fyrir kl. 14 um helgar

Ferðir sem kosta kr. 1.000- aukalega:

- Samdægurs ferðir pantaðar með amk. 2ja tíma fyrirvara
- Kvöldferð sem er pöntuð eftir kl. 16 á virkum degi eða eftir kl. 14 um helgi, með a. m. k. 2ja tíma fyrirvara.
- Aldraðir greiða 500 kr. upp að 16 ferðum og 1.000 kr. séu ferðirnar fleiri.